



Afstöðumynd
1 : 500

Útreikningur á lágmarks loftun þakflatar samkv. byggingareglugerð				
Flatarmál þakflatar	2,8			
Lágmarks loftun pr. ferm.	1.000			
lengd (m)	5,02 (þakflatar)			
Breidd (m)	0,55 (sperrubíl)			
Stærð rörs	Innanm.	Flatarmál	E.Rýrnun	Fjöldi röra
32	28	616	369	7,5
40	36	1.018	611	4,5
50	46	1.662	997	2,8
60	56	2.463	1.478	1,9
70	66	3.421	2.053	0,8
80	76	4.536	2.722	1,0
90	86	5.809	3.485	0,8
100	96	7.238	4.343	0,6
110	106	8.825	5.295	0,5
Loftun með opnum milli sperra				
Lágm. loftun	Með 40% rýrnun	lágmarks op í mm		
2761	3.865,4	7		

Greinagerð aðalhönnuðar / byggingarlýsing.

Götuheiti : Heiðarbrún 6-6a Stokkseyri, Sveitarfélaginu Árborg
Landnúmer : 165659
Staðgreinir : 8200-7-35350060

Um er að ræða parhús á einni hæð.

Brúttóstærð: 159 m² 602,6 m³

Lóð: 853 m²

Nýtingarhlutfall: 0,19
Bílastæði: Tvö stæði fyrir hvora íbúð.

Hönnunarstjóri hússins er Kjartan Sigurbjartsson BFÍ.

1 Aðgengi

Aðkoma og húsnæðið sjálf er hannað á forsendum algildrar hönnunar samkv. gr. 6.1.2 og gr.6.1.3 í byggingarreglugerð. Samkvæmt gr. 6.1.3 liður h í byggingarreglugerð skal hanna og byggja umferðaleiðir innan íbúðar með öll meginrými á jarðhæð á grundvelli algildrar hönnunar. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra inngangsdýra byggingar skal minnst vera 0,83 m og samsvarandi hindrunarlaus hæð minnst 2,07 m. Setja skal bréfalúgu 25x260 mm að lágmarki í aðalhurð skv. gr. 6.13.1 í byggingarreglugerð. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra svala- og garðdýra skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2 m. Þröskuldur við inngangsdýr/útidyr og svala- og garðdýr skal ekki vera hærri en 25 mm. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra innihurða skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2 m. Gangar og anddyri innan íbúða eru skv. lið 4 gr. 6.4.4 í byggingarreglugerð. Yfirborð bílastæðis skal vera með þeim hætti að það þoli álag sem sett verður á það og að það sé frostfritt burðarlag undir því. Hindrunarlaust aðgengi skal vera að sorpskýli á lóð. Sorpskýli skal vera samkvæmt gr. 6.12.6 í byggingarreglugerð. Tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla skal vera skv. gr. 6.7.1 í byggingarreglugerð.

2 Einangrun

Við ákvörðun einangrunar byggingarinnar var haft til hliðsjónar leyfilegt hámark U-gilda einstakra byggingarluta skv. gr.13.3.2. tafla 13.01 í byggingarreglugerð og ÍST 66:2016.

Kólnunartölur skv. byggingarreglugerð, tafla 13.01.

Útveggir U - gildi = 0,40 w/m²C
Þak U - gildi = 0,20 w/m²C
Botnplata U - gildi = 0,30 w/m²C
Gluggar og hurðar U - gildi = 2,0 w/m²C

Kólnunartölur byggingarluta skv. útreikningum.

Útveggir U - gildi = 0,27 w/m²C
Þak U - gildi = 0,19 w/m²C
Botnplata U - gildi = 0,30 w/m²C
Gluggar og Hurðar U - gildi = 1,80 w/m²C

Sökkulveggir eru einangraðir með 50 mm plasteinangrun utan á sökkla en 100 mm plasteinangrun undir botnplötu.

Útveggir er einangraðir með 145 mm steinullareinangrun.

Þak er einangrað með 220 mm steinullareinangrun með vindvörn, tryggja skal a.m.k. 25 mm loftræst bil fyrir ofan einangrun fyrir loftun þaks. Loftun þaks skal vera samkvæmt útreikningi.

Gluggar og hurðir eru viðurkenndir ál/timbur gluggar og hurðir, dökk gráir að lit. Gler í gluggum og hurðum skal vera samkvæmt Rb-blaði um val glergerða fyrir íbúðarhús Rb. (31).121.1

3 Hljóðvist

Húsið skal að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45.

R'w > 55dB lofthljóðeinangrun og L'n,w < 53d á milli íbúðareininga.

4 Brunahönnun

Byggingin er í notkunarflokki 3 skv. gr. 9.1.3 tafla 9.01 í byggingarreglugerð. Brunamótstaða burðarvirkis verður a.m.k. R 60.

Ei 60 brunaskilveggur er á milli íbúða og skal brunaskilveggur skal ná að ystu þak- og veggklæðningu.

Allar innanhúsklæðningar í íbúðum verða í flokki 2, gólfefni í flokki G, eða Dfl-s1. Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T, eða B (roof) (t2). Slökkvitæki er staðsett í forstofu hvorrar íbúðar skv. gr. 9.4.4 í byggingarreglugerð. Reykskynjarar eru staðsettir í svefnherbergjum og alrými skv. gr. 9.4.3 í byggingarreglugerð.

Í öllum svefnherbergjum eru björgunarop sem uppfylla kröfur byggingarreglugerðar gr. 9.5.5 um stærðir.

Þannig skal gengið frá loftræsingunni að hún stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.

5 Burðarþol

Byggingarefni hússins skal standast héraðslögn kröfur, viðeigandi staðla og gæðavottun.

Sökkulveggir og gólfplata eru staðsteypt skv. teikningum verkfræðings.

Burðarvirki útveggja er 145 mm timburgrind (sjá verkfræðiteikningar) klædd með 9 mm krossvið. Utan á timburgrind kemur standandi báruplötuklæðning ljós að lit. Loftræst bil skal vera að lágmarki 20 mm til að tryggja næga loftun og minnka rakasöfnun. Setja skal músanet að neðan allan úthringinn. Innan á útveggjagrind kemur rakavarnalag, tryggja skal að öll samskeyti rakasperru séu þétt, 34x45 mm lagnagrind og klæðning í flokki 2.

Burðarvirki þaks er kraftsperruþak með 18° þakhalla (sjá verkfræðiteikningar). Loft eru upptekin. Að ofan eru sperrur klæddar með 25x150 mm borðaklæðningu, gisklædd ásamt þakpappa og báruplötuklæðningu. Neðan á burðarvirki kemur rakavarnalag, 45x45 mm raflagnagrind og klæðning í flokki 2.

Burðarveggir innanhúss eru timburveggir samkvæmt teikningum burðarvirkishönnuðar. Léttir veggir eru hefðbundnir gífsveggir byggðir upp með álstöðum og gífsplötum eða hlaðnir og sandspaslaðir, málaðir í ljósum lit. Veggir í votrymum skulu vera klæddir með rakaheldum plötum.

Allt burðarvirki og allar festingar skulu vera samkvæmt teikningum frá verkfræðingi.

6 Loftræsing

Vélræn loftræsting (útsog) skal vera úr eldhúsi, baðherbergjum og í gluggalausum rýmum en í öðrum rýmum er loftað um opnanleg fög.

Loftræsting er skv. gr. 10.2.5. í byggingarreglugerð.

Útsog úr eldhúsi íbúðar: 30 l/s

Útsog úr baðherbergi íbúðar: 15 l/s

Útsog frá þvottaherbergi/geymslu íbúðar: 20 l/s

7 Lagnir

Neysluvatnslagnir eru í gólfplötu eða útveggjum með idráttarörum. Hitalagnir eru gólfgeisli, lagður í steypa gólfplötu, sjá lagnateikningar.

Frárennislagnir fyrir húsið tengjast við skólþ frárennisliskerfi í götunni. Frárennislagnir regnvatns af þökum tengjast regnvatns frárennisliskerfi í götunni.

Hitastig vatns við töppunarstað á böðum skal ekki vera það hátt að það skapi hættu á húðbruna. Einnig skal með öryggisbúnaði neysluvatnskerfa t.d. varmaskipta eða upplöndunarloka koma í veg fyrir að hiti fari upp fyrir 65°C.

Allt lagnaefni skal vera gæðavottað af viðurkenndum aðilum. Inntök hitaveitu, vatnsveitu, rafmagns og síma eru í þvottahúsi/geymslu.

Pro-Ark Teiknistofa

Heiðarbrún 6-6a, Stokkseyri

4-19-022

Afstöðumynd og byggingarlýsing

Eiríkur Vignir Pálsson BFÍ Kt: 010975-4179

Kjartan Sigurbjartsson BFÍ Kt: 190275-5319

Teikn. ÞS
Dags. 14/10/20 Útgáfa 2
Mkv. 1:500
Bláðast. A2 **A-100**